


DEILISKIPULAG KÁRSNESSTÍGS UM SUNNANVERT KÁRSNES SKÝRINGARUPPDRATTUR


SKIPULAGSTILLAGA Í VINNSLU

GÖGN TIL
FORKYNNINGAR



Áningarstaður, sólbyglið við Þinghólsbraut 65. 1:400


Skýringarmynd 1. Stígar, áningarstaður og fjara.
Reisuleg skeiðulaga garður, sólbyrgi, sem reist var á árunum uppúr 1942 úr grjóti Kópavogsblettar 188, nú Þinghólsbrautar 65 stendur neðan núverandi stígs. Sólbyrgið nýtur hverfisverndar í Aðalaskipulagi Kópavogs (HV-24). Deiliskipulagið skilgreinir byrgið sem áningarstað á Kársnesstíg og að því verði gerður greiðfær gönguleið. Frá skýlinu sést greinileg naust um annars náttúrulega strandfjöru. Fróðleiksskilti er á staðnum.
Ný 3m breið hjóleiðabraut Kársnesstígs liggur meðfram syðri lóðarmörkum Þinghólsbrautar, núverandi göngustígur færir þvi um 1,5m nær ströndinni. Það raskar hvorki sólskylinu, hlaðinni grjóthleðslu innan lóðarmarka Þinghólsbrautar 65 né vegg og tröppum á lóð Þinghólsbrautar 63.



Áningarstaður og bátaskýlið við Sunnubraut, útsýnisstaður og útlitstærk við Kópavör. 1:400

Skýringarmynd 2. Stígar, vistgata, áningarstaður og bátaskýlið.
Til að tryggja sem best öryggi gangandi vegfarenda við áningarstað sunnan Sunnubrautar er hjólastígur aðgreindur frá göngustíg vestan Sunnubrautar 47. Þannig liggur hjólastígurinn að baki áningarstað og útivistarsvæðis og tengist inn á innsta hluta Sunnubrautar sem endar í botngötu. Hækkun á 13m hjólastígakafli er þar einungis 1,8m og ætti því ekki að vera til trafala.
Einungis standa fimm hús við enda Sunnubrautar, vestan Kópavara. Gert er ráð fyrir að sá hluti götunnar verði hannaður sem vistgata og merkt sem slík. Í botni götunnar og / eða á mótis við lóðarmörk 52 og 54 verði niðurfellanlegur staur eða hlið sem varni áksti inn á hjólastíg, en hægt sé að fella staurinn / pollann niður til að þjónustubílar geti ekið að dælustöð.


Stígur verður eftir sem áður milli Sunnubrautar 45 og 47 niður að sjó. Við enda þess stígs brekkar gönguhluti útivistarstígs strandarinnar. Þar má koma fyrir höggmynd eða annarskonar útlitstærki, ellegar öðrum innviðum til náttúruskoðunar eða útivistar.
Þegar grjóthleðslu er endurraðað utan lóðarmarka skal huga sérstaklega að sjónlengdum þar sem sem gönguleið þverar hjólaleið. Hugað sé að fráveitugöngum í jörðu. Umhverfisfrágangur allur sé til fyrirmyndar og gróðri plantað í sólriku skjóli af grjóthleðslu.
Núverandi áningarstaður helst óbreyttur.



Áningarstaður, fjöruaðgengi og sjósetningaraðstaða við Suðurbraut. 1:400

Skýringarmynd 3. Áningarstaður og aðgengi að strönd við enda Suðurbrautar.
Til að raska ekki núverandi áningarstað er hjólastígur leiddur ofan hans. Viðbúið er að einhvers stuðnings í forni stórgrytisraðar þurfi við. Umfang hleðslu og gróðurs ræðst í verkhönnu. Kársnesskóli stendur við nyrðri enda Suðurbrautar. Með góðu aðgengi að fjöru aukast möguleikar til útikennslu og leikja skólabarna. Hvar og hvernig sú tenging verði nákvæmlega útfærð ræðs á síðari skipulagssstígum og í verkhönnun. Einnig hvort og hvernig stígum yrði best fyrirkomlið á hallandi bæjarlandi þar fyrir ofan.

Göngþverun hjólastígs sé skýrt afmörkuð. Smávægilegra tilfæringa er þörf á núverandi stig svo sú þverun lendi á heppilegasta stað beint undan Suðurbraut.




Áningarstaður fjöruaðgengi og stigamót við Urðarbraut. 1:400

Skýringarmynd 4. Fjaran við enda Urðarbrautar
Skipulagsmörk ná að glíðandi skipulagsmörkum Kópavogstúns.
Við enda Urðarbrautar er lítil tangi út í Kópavoginn. Þar er fjaran hvað upprunalegust (þó í hana liggir regnvatnslögn) og náttúrulegt aðgengi að henni best. Enda er fjaran sjálf, tanginn og nokkrir metrar upplands þaðan undir hverfisvernd túnsins sunnan við Kópavogsbæinn (HV-2), sem nær yfir alls 8,66h svæði.
Breikkun stígs til suðurs hefur ekki áhrif á hverfisverndað svæði en nýtur nálaegðar við það. Eins og eftir skipulagssvæðinu öllu verður göngustígur sjávarmegin og hjólastígur nær landi. Núverandi göngustígur fær því hlutverk hjólaleiðar en nýji stígurinn verður gönguleið. Þaðan er hentugt að leiða gangandi umferð á skilgreindum slóða að fjörunni þar sem aðgengi að henni er best.
Við enda tangans er útsýni hvað best yfir leirurnar í botni Kópavogs. Mætti því koma þar fyrir lágstemmdum áningarstað til fuglaskoðunar.

SKIPULAGSSKÝRINGAR

--- deiliskipulagsmörk

- göngustígur
- hjólastígur
akreinskíptur
- göngustígur þverar hjólastíg
- Blönduð umferð í anda vistgötu
gangandi, hjólandi og akandi umferð jafn réttá
- græn svæði / útivistarsvæði til sérstakra nota
- náttúrulegt holt, holtagrjót og sjálfsáinn gróður
lágmarkskröskun náttúrulegs landslags
- hverfisvernd
- fríðlýst náttúruverndarsvæði
- strandlína
- sjór og vötn
100m frá fríðlystum minjum, 8m frá fríðuðum minjum
- náttúruleg strönd
- náttúrulegur strandbakki
- manngerður varnargarður / grjótagarður
- byggingarreitur
- götukantur
- niðurtekinn götukantur
- Helstu stofnlagnir fráveitu í sjó
lega skv. tölvutækum grunnum veitufyrirtækja
- brú / göng
- 1m hæðarlínur skv. landupplýsingakerfi Kópavogs



Úr Aðalaskipulagi Kópavogs 2019-2040, ekki í mælikvarða.
Staðsetning skipulagssvæðis: ---

VSÓ RÁÐGJÖF

Teikning: 2024 Stígur um sunnanvert Kársnes vex Dagsetning: 31.10.2025

Skipulag: OG Yfirfarið: og



Skjal sótt af '000000000' dags: 19.08.2026